

**Nd.**

**543. Þingsályktun**

um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við landlækni rannsaka, hvar heppilegt væri að koma upp hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk, og velja sjerstaklega stað, þar sem gott er til ræktunar, skóglendi og heitar laugar, hentugar til að hita hibýli og til afnota við ræktun, og leggja síðan árangur þessarar rannsóknar fyrir næsta Alþingi.